

JARÐSTRENGUR MILLI BOLUNGARVÍKUR OG ÍSAFJARÐAR, ÍSAFJARÐARBÆ OG BOLUNGARVÍKURKAUPSTAÐ

Ákvörðun um matsskyldu

INNGANGUR

Þann 18. ágúst 2008 tilkynnti Landsnet um fyrirhugaðan jarðstreng milli Bolungarvíkur og Ísafjarðar til Skipulagsstofnunar samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 3b í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Bolungarvíkurkaupstaðar, Ísafjarðarbæjar, Fornleifaverndar ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða, Neytendastofu, Umhverfisstofnunar og Vegagerðarinnar.

Umsagnir bárust frá Bolungarvíkurkaupstað með bréfi dags. 16. september 2008, Ísafjarðarbæ með bréfi dags. 5. september 2008, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 22. september 2008, Heilbrigðiseftirliti Vestfjarða með bréfi dags. 8. september 2008, Neytendastofu með bréfi dags. 25. ágúst 2008, Umhverfisstofnun með bréfi dags. 18. september 2008 og Vegagerðinni með bréfi dags. 24. september 2008.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARADILA

Fyrirhuguð framkvæmd. Landsnet áformar að leggja 66 kV jarðstreng milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur um fyrirhuguð Bolungarvíkurgöng. Fyrirhuguð lega er frá spennivirki Orkubús Vestfjarða við Stóruurð á Ísafirði meðfram og ofan við Þjóðveg nr. 61 um Eyrarhlíð og fyrirhuguðum vegi neðan við Hneggnasa í Hnífsdal, sem tengist jarðgöngunum til Bolungarvíkur. Strengurinn mun liggja í gegnum göngin. Bolungarvíkurmegin mun strengurinn liggja innan við Þjóðveg nr. 61 og að spennuvirki Orkubús Vestfjarða við Múrhúsaland, undir fjallsrótum Ernis. Strengurinn er að verulegu leyti innan helgunarsvæðis Þjóðveg nr. 61.

Fram kemur að gert sé ráð fyrir að strengurinn verði grafinn alla leið, einnig í jarðgöngunum. Strengurinn verði grafinn í árbotna Hnífsdalsár og Ósár þar sem þær verði þveraðar. Gert sé ráð fyrir að allur uppgröftur sem falli til við skurðgröftinn verði notaður til fyllingar í skurðinn að loknum frágangi lagna. Lagnaleiðin sé víðast hvar malarkennd en sums staðar sé þunnt moldarlag og víða hálfgróið. Ekki sé gert ráð fyrir sérstakri slóðagerð vegna framkvæmdanna. Auðvelt sé að færa yfirborð til upprunalegs horfs. Þar sem gróðri verði raskað verði sáð í sárin.

ÁLIT UMSAGNARADILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARADILA

Almennt. Bolungarvíkurkaupstaður, Ísafjarðarbær, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða, Neytendastofa, Umhverfisstofnun og Vegagerðin telja að framkvæmdirnar skuli ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Áhrif á rafmagnsöryggi. Neytendastofa minnir á nauðsyn þess að lagning og frágangur strengsins sé í samræmi við reglur á rafmagnsöryggisviði.

Áhrif á verndarsvæði. Umhverfisstofnun bendir á að strengleiðin fari hvorki inn á svæði á náttúruminjaskrá né friðlýst svæði. Heilbrigðiseftirlit Vestfjarða bendir á að strengurinn liggji hvergi innan verndarsvæði vatnsbóla.

Áhrif á menningarminjar. Fornleifavernd ríkisins bendir á að fornleifaskráning hafi verið gerð fyrir Bolungarvíkurkaupstað og Ísafjarðarbæ að hluta. Samkvæmt þessum skráningum stafi þekktum fornminjum ekki hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Engu að síður er minnt á að umhverfis bæjarstæði Óss í Bolungarvík og kaupstaðinn Ísafjörð kunnir áður óþekktar fornminjar að koma í ljós. Gerist það skal finnandi tilkynna Fornleifavernd ríkisins frá fundinum í samræmi við 13. gr. þjóðminjalaga nr. 107/2001.

Áhrif á samgöngur. Vegagerðin bendir á að staðsetning jarðstrengsins innan vegsvæðis sé háð samþykki Vegagerðarinnar. Samráð um staðsetninguna milli framkvæmdaraðila og Vegagerðarinnar sé hafið.

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða lagningu 66 kV jarðstrengs milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 3 b í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b.

Skipulagsstofnun telur að framkvæmdin muni hafa óveruleg umhverfisáhrif í för með sér. Ræður þar mestu að framkvæmdasvæðið er að mestu leyti innan veghelgunarsvæðis þjóðvegur nr. 61 og hvorki er farið um viðkvæm svæði né svæði sem njóti sérstakrar verndar. Skipulagsstofnun telur brýnt að í verklok verði vandað til frágangs svo framkvæmdasvæðið komist sem í upprunalegt horf.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Landsnets við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að lagning 66 kV jarðstrengs milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdirnar eru háðar framkvæmdaleyfi Bolungarvíkurkaupstaðar og Ísafjarðarbæjar skv. 27. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 m.s.b. Jafnframt ber að afla leyfis hjá lax- og silungsveiðisviði Fiskistofu skv. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 vegna þverunnar þeirra fiskgengu vatna sem eru á framkvæmdasvæðinu. Áður en framkvæmdaleyfi er veitt þarf að liggja fyrir að lega strengsins sé í samræmi við aðalskipulag sveitarfélaganna.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Landsnet og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun sem kynnt hafa verið við meðferð málsins.

Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til umhverfisráðherra. Kærufrestur er til 27. október 2008.